

mestu leyti hugarburður. Þjáningin og sóttin þurfa ekki að eiga sjer stað, þegar menn læra að lifa rjett; og skilnaðurinn er að eins um stundar sakir.

12. Sp.: Hvað ætti dauðinn þá að vera?

Sv.: Sælurík endurfæðing til annars lífs, þegar þetta líf er á enda.

13. Sp.: Ættu svo margir menn að deyja svo snemma?

Sv.: Nei; það kómur af því, að menn halda eigi lögmál lífsins.

14. Sp.: Getum vjer vonast eptir, að komizt verði fyrir svo mikla sjúkdóma og þjáningar, og dauða á ungum aldri?

Sv.: Vjer getum það *Arnljotur B. Olsen*

15. Sp.: Hvernig verður þá að deya?

Sv.: Líkt því að sofna, þegar maður er þreyttur.

16. Sp.: Er dauðinn endalokin?

Sv.: Nei; vjer trúum því að hann sje að eins önnur tegund fæðingar.

17. Sp.: Breytir dauðinn skapferli manns?

Sv.: Nei; eigi fremur en nætur-svefn.

18. Sp.: Eru til ákveðnir staðir, sem kallast himnaríki og helvíti?

Sv.: Nei; sjerhver sála er sæl eða ósæl eptir skapferli sínu.

19. Sp.: Getur nokkur hreppt sælu eptir dauðann, nema með því að vera góður maður og gera rjett?

Sv.: Nei. Það er eini vegurinn.